



Bæjarstjórn Kópavogs
Digranesvegur 1
200, Kópavogi

8. janúar 2025

Krabbameinsfélag höfuðborgarsvæðisins sækir hér með um 500.000 kr. styrk úr bæjarsjóði Kópavogs til starfsemi sinnar þakkar um leið mikilvægan styrk sem félaginu var veittur, sbr. umsókn félagsins frá 29. desember 2023.

Félagssvæði Krabbameinsfélags höfuðborgarsvæðisins nær yfir Hafnarfjörð, Garðabæ, Kópavog, Reykjavík, Seltjarnarnes og Mosfellsbæ. Helstu viðfangsefni félagsins eru fræðsla um krabbamein og krabbameinsvarnir en félagið annast fjölbreytta fræðslustarfsemi í umboði Krabbameinsfélags Íslands.

Sótt er um styrk til áframhaldandi fræðsluverkefna félagsins. Nokkur dæmi um þau eru nefnd hér að neðan:

1. Útgáfu- og fræðsluverkefni

Krabbameinsfélag Höfuðborgarsvæðisins hefur í áraraðir gefið út fræðsluefni í samstarfi við Krabbameinsfélag Íslands sem heldur úti öflugri vefsíðu þar sem nálgast má fræðsluefni. Öllu almennu fræðsluefni félagsins er dreift ókeypis.

Krabbameinsfélag Höfuðborgarsvæðisins situr í samstarfshópi norrænu krabbameinsfélaganna um tóbaksvarnir. Einnig starfar KH í samstarfshópi með Geislavörnum ríkisins, Embætti landlæknis og húðlæknum, en þar er unnið að sólarvörnum (átaksverkefnið „Hættan er ljós“).

Félagið vinnur náið með stuðningshópum Krabbameinsfélagsins Íslands að fræðslu- og útgáfumálum hópanna og með Ráðgjafarþjónustu Krabbameinsfélagsins.

Áfengisneysla er nú flokkuð sem þekktur krabbameinsvaldur hjá Alþjóðakrabbameinsrannsóknarstofnuninni (IARC). Árveknisáttak á vegum félagsins sem keyrt var af stað árið 2023 fékk áframhaldandi dreifingu á árinu. Krabbameinsfélag Höfuðborgarsvæðisins er hluti af hringborðshópi hagsmunaaðila gegn aukinni notkun áfengis.

„Skepp í skimun“ átaksverkefnið var áfram keyrt á samfélagsmiðlum um allt land. En þar viljum við vekja athygli á mikilvægi þess að mæta í brjóstaskoðun þegar boð berst. Átakinu hefur verið virkilega vel tekið og merki um að það hafi skilað árangri.

Í september 2023 var frumsýnd fræðslumyndin Brjóstamein sem var unnin fyrir tilstuðlan Krabbameinsfélags Höfuðborgarsvæðisins í samstarfi við Krabbameinsfélag Íslands. Klippur úr myndinni voru sýndar í bleikum október 2024 á samfélagsmiðlum um allt land.

2. Tóbaksvarnafræðsla

Það hefur verið forgangsverkefni Krabbameinsfélags höfuðborgarsvæðisins og forvera þess í meira en sextíu ár að fræða um skaðsemi reykinga og annarrar tóbaksneyslu. Því starfi mun félagið halda áfram af fullum krafti. Verulegur árangur á því sviði náðist með fræðslu til grunnskólanema en hún stóð hæst frá 1975 til 2004. Við ásamt fleirum höfum miklar áhyggjur af útbreiðslu, greiðu aðgengi og viðhorfi ungs fólks til reyklauss tóbaks (ekki síst nikótínþúða). Verið er að vinna að fræðsluefni fyrir skóla og íþróttamiðstöðvar. Einnig er Krabbameinsfélag Höfuðborgarsvæðisins í samstarfi við Heilsulausnir sem m.a. sinna fræðslu um tóbaks- og nikótínvarnir til ungmenna.

Að frátöldum styrkjum stendur félagið sjálft undir kostnaði við fræðslustarfið, einkum með rekstri happdrættis Krabbameinsfélagsins. Kostnaður við stuðning við sjúklinga og fræðslu félagsins voru tæpar 30 milljónir króna árið 2023. Mikilvægt er að félagið fái áframhaldandi fjárstuðning við fræðslustarfsemi sína.

Með bestu kveðjum og með von um góðar undirtektir,
f. h. Krabbameinsfélags höfuðborgarsvæðisins


Vala Smáradóttir framkvæmdastjóri

vala@krabb.is, s. 540 1900
Skógarhlíð 8, 105 Reykjavík

Meðfylgjandi:

1. Ársreikningur 2023 og ársskýrsla félagsins.